



**Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar,
á hundrað afmæli Hafnar í Hornafirði
4. júlí 1997**

Heiðruðu hátíðargestir
Kæru Hornfirðingar

Þegar við komum hér saman til að fagna hundrað ára afmæli byggðarlagsins grípur hugann hve gríðarlegar breytingar, hrein umbylting, hefur orðið á Íslandi þá öld sem senn er á enda.

Þótt verslun væri flutt frá Papósi til Hafnar voru fyrstu áratugina aðeins fáein hús hér í byggðinni. Fyrri heimsstyrjöldin var reyndar löngu liðin þegar húsafjöldinn þróaðist á annan tuginn.

Síðan komu skrefin hratt hvert af öðru: vatnsveitan, höfnin, rafmagnið, holræsin, skipulag gatna og athafnasvæða, flugvöllur og loks vegasamband sem tengdi Höfn við aðrar byggðir Íslands.

Hér sjáum við ævintýri um framfarir á æviskeiði tveggja kynslóða, breytingar sem afar okkar og ömmur töldu ekki einu sinni til draumheima í æsku sinni.

Vissulega hafa oft komið tímar erfiðleika, jafnvel afturfarar, glíma við óáran í atvinnulífi og efnahag. Samt hefur hver áratugur skilað stórum áföngum.

Það er skemmtileg tilviljun að nánast sömu dagana skulu tvær vaxtarbyggðir á Austurlandi fagna stórafmælum þótt hálf öld skilji á milli. Egilsstaðir voru um síðustu helgi í hátíðarbúningi hins fimmtuga sveitarfélags og Höfn er nú tvöfalt eldri, glöð í bragði, glæsileg á að líta. Egilsstaðir elta lýðveldið að aldri og Höfn kemst í hundrað ára markið rétt á undan öldinni sjálfri.

Það er merkilegt framlag til umræðunnar um byggðarþróun og vanda landsbyggðar að um þessar mundir fagna tvö blómleg

sveitarfélög slíkum áföngum, byggðarlög sem uxu hús af húsi þar sem áður voru aðeins villtar jurtir, melar og þúfubörð.

Nábýli sveitar og sjávarmáls, samspil búskapar og sjósóknar hafa veitt Höfn skilyrði til vaxtar sem nýtt hafa verið með atorku og dugnaði. Hér sannast í raun hve nauðsynlegt samhengi sjávarútvegs og landbúnaðar hefur verið í árangurssögu okkar Íslendinga.

Það er ekki togstreita ólíkra atvinnugreina sem skapar nýja sókn. Það er krafturinn í samspili fjölmargra þátta sem gefur okkur færin til framfara og betra mannlífs. Kjarninn í hugsjóninni um samvinnu manna, félagsskapinn þar sem heildin orkar meira en hver og einn, hefur sannað gildi sitt í sögu Hafnar í Hornafirði.

Á síðari árum hefur orkan og hugkvæmnin beinst í ríkum mæli í takt við breyttar áherslur um víða veröld að nýjum viðfangsefnum, ferðapjónustu og náttúruskoðun.

Á undraskömmum tíma hefur Höfn orðið helsti áfangastaður þúsunda gesta sem hingað koma um langan veg, vettvangur þar sem orðstír og ásýnd Íslands í nýrri heimsmynd öðlast svipmót og styrk.

Virðingin fyrir töfrum náttúrunnar, undrunin í garð náttúruaflanna, lotningin gagnvart lífríkinu, uppljómunin í návist jöklanna, litróf fjalla og gróðurlendis - allt myndar þetta dýrðaróð um galdur sköpunarverksins, flytur endurnýjun á sálarheill og lífsanda sem milljónir manna meta nú mikils.

Höfn í Hornafirði er svo vel í sveit sett að hún myndar gullna hliðið að þessu himnaríki náttúrunnar, gæslustöð þeirra auðlinda Íslands sem dýrmætastar eru í hugum margra um heim allan.

Þótt okkur sé kennt í testamenti Biblíunnar að Guð hafi skapað heiminn á sex dögum og tekið sér svo hvíld þá er sá galli á frásögninni að ekki er um það getið að þegar kom að Íslandi gleymdi Almættið hvíldinni. Sköpun jarðarinnar hélt hér áfram með ógnarkrafti hvert árpúsundið af öðru, öld af öld, allt til þessa dags og mun svo áfram halda um alla framtíð.

Sú heimssýning sem helguð er sjálfu sköpunarverkinu er hvergi tilkomumeiri en einmitt hér um slóðir. Æ fleiri munu hingað koma í pílgrímsför, játa hér lotningu sína og aðdáun á undraverki náttúrunnar.

Ísland hefur í þessum efnum öðlast einstæðan sess. Hvergi á jörðinni eru galdrar sköpunarverksins jafn sýnilegir og hlaðnir slíkum krafti. Eldgos undir jökli og klakahallir á svörtum söndum eru

tilkomumikil dæmi um áhrifamátt þeirrar örlagasinfóníu sem leikin er úr iðrum Jarðar.

Á nýrri öld bíða okkar Íslendinga vandaverk við að vinna úr þeim tækifærum sem hin breyttu viðhorf til Móður Náttúru færa okkur í hendur. Þið hafið hér á Höfn vísað veginn með nýjungum, hugkvæmni og skipulagi sem verða mun öðrum til eftirbreytni.

Arfurinn frá samfélagi sveitar og sjávarsíðu, lærdómar úr sögu samvinnu og samtakamáttar, atorka einstaklinga og byggðarlagsins alls hafa fléttast hér saman, skapað tækifæri nýrra tíma, sannað hvernig fjölþætt atvinnulíf eflist með nýju mati á gæðum náttúru og umhverfis.

Hornfirðingar geta því horft með bjartsýni til framtíðar. Þar sem í upphafi aldar voru aðeins fáein hús heilsar nú blómleg byggð nýju árhundraði.

Við Guðrún Katrín óskum ykkur allra heilla og þökkum fyrir að geta glaðst með ykkur á góðum degi. Til hamingju með afmælið.